











Sjómannagarðurinn



Skýringar

-  Afmörkun deiliskipulags í vinnslu
-  Hönnunarmörk
-  Núverandi hraunhleðsla
-  Nýr skjólveggur
-  Gróðurskjólbelti blandaður trjá og runnagróður
-  Trjá og runnagróður
-  Holtgrjót og lágvaxinn runnagróður
-  Hæðarlínur
-  Leiðbeinandi hæðarkvóti



Sjómannagarðurinn - tillaga

Sjómannagarðurinn er samvinna og þróunarverkefni sem Grindarvíkurbær hefur áform um að setja á laggimar og unnið verður að í áföngum. Þetta verkefni miðar að því að gera garðinn að útivistarsvæði sem hefur aðdráttarafl fyrir fólk á öllum aldri með því að skapa aðlaðandi umhverfi í kringum minnisvarðann Von sem gegnir mikilvægu hlutverki í hugum bæjarbúa. Í því sambandi er gert ráð fyrir skipulögðum leik og dvalarsvæðum, að bekkjum og skjólveggjum sé komið víða fyrir um garðinn og að aðgengi sé tryggt með nægum bilastæðum. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að inngangurinn í norðurhluta garðsins standi óbreyttur sem aðalinnangangur. Jafnframt ráð fyrir að svæði sem liggur til norðurs í garðinum verði tekið frá sem safnasvæði fyrir gömul hús síðar meir.

Megin breytingin á skipulagi garðsins gerir hins vegar ráð fyrir að fólk gangi nú miðjan garðinn um þrjú leiksvæði niður að höfn í stað þess að ganga frá minnisvarðanum Von til suðurs í gegnum bakgarð Sjómannaheimilisins við Hafnargötu. Þessum leiksvæðum hafa verið gefin ákveðin nöfn eftir þeim. Hið fyrsta "Samkomu og kennslusvæðið" er með niðurgrofnu eldstæði sem gæti nýst sem hlóðaldhúsi. Innan svæðisins er gert ráð fyrir leiksvæði sem snýr að brekkum þar sem sem áhorfendur gætu setið.

Svæðið er staðsett innan gömlu hraungrýtishleðslunnar og væri hægt að loka svæðinu með hliðum. Lagt er til inngangurinn og göngustígurinn sem liggur meðfram núverandi hraunhleðslu haldi sér. Á "vatnspæmasvæðinu" er grunn vaðlaug, vatnspumpa, rennur og borð til að sitja eða standa við. Á þriðja leiksvæðinu kallað "Prautabraut" er þrautabraut fyrir klifur og jafnvægisleiktæki.

Sjómannagarðinum er ætlað að hafa náttúrlegt yfirbragð með menningarlegri og sögulegri skírskotun í sjávarplássið Grindarvík. Nota má hraun og grjót, sjávarmöl, rekavið og trjáboli svo að eitthvað sé nefnt, kaðla, net og fleira til þess að skapa þetta yfirbragð. Liður í því er einnig að leyfa holti og móa að standa sem mest óhreyfðum innan um tilbúna grasflatir og brekkur. Þetta verkefni gengur út frá þeirri hugmynd að öll vinna við framkvæmdir innan garðsins, viðhald og val á efniviði mótist af hugmyndum um sjálfbæra þróun sem þýðir að mannvirki séu hönnuð með það í huga að þau þarfnist takmarkaðs viðhalds síðar meir. Áhersla er lögð á að velja gróður sem þarfnast litillar umhirðu. Lagt er til að garðurinn verði umlukinn skjólbelti úr blönduðum trjá- og runnagróðri sem sé þéttari og hávaxnari í útjöðrunum en lágvaxnari í gróðurbeðum við leiksvæði. Velja þarf gróður sem er vind og seltu þolinn og gefur garðinum sérstöðu.

Sjómannagarðurinn í Grindavík

Skipulag og hönnun - tillaga

Sjómannagarðurinn
Grunnmynd

1

Dagur: 12.04.2014 Mælikvæði: 1:500 Stærð blaðs: A2

Grindarvíkurbær: Ármann Halldórsson, Skipulagsfulltrúi Grindavíkur

Efla ehf.: Ólafur Arnason, Umhverfisfræðingur M.Sc.
Magnús Bjarkind, Landslagstæknir

Ráðgjöf: Hrönn Björnsdóttir, Landslagsarkitekt FÍLA

